

Starfsreglur

fyrir undirnefnd forsætisnefndar um tillögugerð til forsætisnefndar við tilnefningu einstaklings við kosningu til embættis ríkisendurskoðanda og umboðsmanns Alþingis.

1. gr.

Tilgangur.

Tilgangur reglnanna er að stuðla að því að málsmeðferð forsætisnefndar við tilnefningu einstaklings við kosningu í embætti ríkisendurskoðanda eða umboðsmanns Alþingis byggji á sjónarmiðum um jafnræði og gagnsæi.

2. gr.

Undirnefnd.

Forsætisnefnd Alþingis skipar þriggja manna undirnefnd úr sínum hópi sem annast undirbúning tillögugerðar til forsætisnefndar um tilnefningu einstaklings við kosningu Alþingis í embætti ríkisendurskoðanda og umboðsmanns Alþingis.

Undirnefndin skal að jafnaði skipuð forseta Alþingis, 1. varaforseta og einum öðrum varaforseta og skal val hans taka mið af 1. mgr. 28. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

3. gr.

Ráðgjafarnefnd.

Við undirbúning tilnefningar forsætisnefndar í embætti ríkisendurskoðanda og umboðsmanns Alþingis skipar undirnefndin sér til ráðgjafar nefnd þriggja einstaklinga. Í henni eiga sæti:

- a. Formaður, tilnefndur af undirnefnd forsætisnefndar,
- b. Sérfræðingur í þeim málefnum sem heyra til verksviðs embættis ríkisendurskoðanda eða lögfræðingur með þekkingu á þeim málefnum sem heyra til verksviðs embættis umboðsmanns, eftir því hvort embættið á í hlut,
- c. Sérfræðingur í mannauðsmálum, tilnefndur af undirnefnd forsætisnefndar.

Ritari forseta Alþingis er starfsmaður nefndarinnar og færir fundargerðir hennar.

Reynist nefndarmaður vanhæfur eða er forfallaður, tilnefnir undirnefndin annan mann í hans stað.

4. gr.

Tilkynning um fyrirhugaða kosningu.

Tveimur mánuðum áður en fyrirhugað er að Alþingi kjósi ríkisendurskoðanda eða umboðsmann Alþingis skal forsætisnefnd birta tilkynningu í fjölmiðlum um kosninguna. Í henni skal vakin athygli á því að forsætisnefnd muni á tilteknum tíma tilnefna einstakling við kosninguna.

Í tilkynningunni komi jafnframt fram að þeir sem áhuga hafa á því að verða tilnefndir við kosningu í viðkomandi embætti geti sent erindi um það efni til Alþingis fyrir tilgreindan tíma. Enn fremur að þeim sem þess óska geti sent forsætisnefnd ábendingar um einstakling eða einstaklinga sem þeir telja að koma eigi til greina við kosninguna. Þá verði tilgreint hvaða hæfniskröfur séu gerðar til þess einstaklings sem gegnir embættinu og hvaða upplýsingar skuli fylgja erindinu. Erindi skulu berast á netfangið kosningrikisendurskodanda@althingi.is eða kosningumbodsmanns@althingi.is.

Þegar fyrir liggur hverjir hafa áhuga á að verða tilnefndir við kosninguna skal undirnefnd upplýsa forsætisnefnd um nöfn þeirra. Í kjölfarið skulu þau ásamt starfsheitum birt á vef Alþingis.

5. gr.

Fyrsti fundur undirnefndar og ráðgjafarnefndar.

Á fyrsta fundi undirnefndar og ráðgjafarnefndar skulu störf ráðgjafarnefndar afmörkuð og útbúin áætlun um störf hennar. Jafnframt skal gengið úr skugga um sérstakt hæfi nefndarmanna í undirnefnd og ráðgjafarnefnd. Við mat á sérstöku hæfi skal fylgja ákvæðum stjórnsýslulaga.

6. gr.

Verkefni ráðgjafarnefndar.

Ráðgjafarnefndin skal fara yfir framkomnar tilnefningar og ábendingar. Nefndin athugar hvort þeir einstaklingar, sem sóst hafa eftir tilnefningu eða gerð hefur verið tillaga um, uppfylli þau almennu hæfisskilyrði sem gerð eru til umboðsmanns Alþingis eða ríkisendurskoðanda í lögum um stofnanirnar, 6. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og þær hæfniskröfur sem fram koma í tilkynningu forsætisnefndar, sbr. 4. gr. Ráðgjafarnefndin gengur úr skugga um að nauðsynleg gögn og upplýsingar liggi fyrir og gerir undirnefndinni grein fyrir athugunum sínum á hæfisskilyrðum og hæfniskröfum.

Við athugun á einstökum erindum útbýr ráðgjafarnefndin tillögu að matsramma, sem hún kynnir undirnefndin. Matsramminn skal byggður á þeim hæfniskröfum sem tiltekna eru í tilkynningu forsætisnefndar. Hver nefndarmaður ráðgjafarnefndar metur

sjálfstætt öll erindi út frá matsrammanum. Nefndin gerir tillögu til undirnefndar um þann einstakling eða einstaklinga sem boðnir verða í fyrsta viðtal.

7. gr.

Fyrsta viðtal.

Ráðgjafarnefndin setur upp spurningaramma fyrir stöðluð viðtöl, þar sem allir fá sömu spurningar. Hver spurning er tengd við minnst eina hæfniskröfu. Spurningarramminn skal kynntur undirnefndinni áður en viðtöl hefjast. Ráðgjafarnefndin tekur fyrstu viðtöl við einstaklinga.

Á meðan á viðtali stendur og í lok þess metur hver nefndarmaður fyrir sig, sjálfstætt frammistöðu allra sem koma í viðtöl út frá þeim hæfniskröfum sem tiltekna eru í tilkynningu forsætisnefndar, sbr. 4. gr. Nefndin fundar í kjölfar viðtala þar sem farið er yfir niðurstöður hvers nefndarmanns úr viðtölunum.

8. gr.

Próf og öflun umsagna.

Ráðgjafarnefndin metur hvort tilefni sé til að óska eftir því að þeir sem komu í fyrsta viðtal, eða hluti þeirra eftir atvikum, undirgangist persónuleikamat, hæfnispróf eða úrlausn verkefna.

Nefndin aflar umsagna frá meðmælendum um þá einstaklinga sem hún telur helst koma til greina að gerð verði tillaga um. Umsagnir sem aflað er og athugasemdir við þær skulu skráðar ef við á. Komi fram í umsögn upplýsingar sem nefndin hyggst byggja á og eru einstaklingi í óhag skal gefa honum færi á að tjá sig um þær.

9. gr.

Niðurstaða ráðgjafarnefndar.

Ráðgjafarnefndin leggur heildstætt mat á þær upplýsingar sem fram koma í viðtölum og frammistöðu hvers og eins í viðtali. Á grundvelli þess, umsagna sem aflað hefur verið og eftir atvikum niðurstöðu prófa, sbr. 8. gr., ber nefndin saman þá einstaklinga innbyrðis, sem hún telur að helst komi til greina að boðaðir verði í annað viðtal hjá undirnefnd forsætisnefndar.

Ráðgjafarnefndin gerir undirnefndinni grein fyrir störfum sínum og niðurstöðu.

10. gr.

Annað viðtal.

Undirnefnd forsætisnefndar kynnir forsætisnefnd niðurstöðu ráðgjafarnefndar og leggur fram ferilskrá allra sem nefndin tók í viðtöl. Undirnefndin tilgreinir jafnframt

hvaða einstaklinga hún hyggst taka í annað viðtal, en einstakir forsætisnefndarmenn geta gert tillögu um að bæta einum eða fleiri einstaklingum í hóp þeirra sem teknir verða í viðtalið, að því tilskildu að gerð hafi verið tillaga um þá í niðurstöðu ráðgjafarnefndar.

Undirnefnd forsætisnefndar tekur annað viðtal við einstaklinga þar sem byggt er á stöðluðum spurningarlista. Fulltrúi ráðgjafarnefndar og ritari eru viðstödd viðtölin og veita undirnefndinni þá aðstoð sem óskað er eftir.

11. gr.

Mat undirnefndar.

Að loknum viðtölum leggur undirnefndin mat á einstaklinga og ræðir jafnframt hvort þörf sé á frekari upplýsingum áður en gerð verður tillaga til forsætisnefndar.

12. gr.

Tillaga undirnefndar.

Undirnefndin leggur fyrir forsætisnefnd skýrslu með rökstuddri tillögu um þann einstakling sem lagt er til að forsætisnefnd tilnefni við kosningu í embætti umboðsmanns Alþingis eða embætti ríkisendurskoðanda. Fallist forsætisnefnd á tillögu undirnefndar skal hún send alþingismönnum.

Starfsreglur þessar, sem samþykktar voru á fundi forsætisnefndar 1. mars 2021, eru settar með vísan til starfa forsætisnefndar skv. 2. gr. laga nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, og 1. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis.